

plástra fyrir fólk eftir að pensilín fór að verða algengt en þá fékk Elín sendan plástur frá Selá á Árskógsströnd þar sem Björg Arngrímsdóttir, systir Angantýs, hélt áfram plástursgerðinni. Þóra Angantýsdóttir, sonardóttir Bjargar taldi að leyndarmálið um gerð plástursins hefði farið í gröfina með foreldrum hennar, en Björg kenndi Dámar Þorvaldsdóttur móður hennar uppskriftina og mun hún síðast hafa gert plásturinn, eða allt fram á sjöunda áratuginn. Þóra vissi þó að uppstaðan í honum hefði verið bómolía og að í honum var blýmenja. Soðið var mjög hægt og lengi, fleiri kíló í einu, fyrst var jukkið lappunnt, síðan dökknadi það og þykknadi, en potturinn var hafður opinn og hrært viðstöðulítið í. Þóra á ennþá bita úr síðustu löguninni og

pottinn sem plásturinn var soðinn í. Koppsetningartæki sem Þórunn átti og fatið sem plásturinn var látinn kólna í eru hins vegar komin á byggðasafnið á Dalvík. Þegar plástursdeigið var orðið kalt var það skorið niður í flata bita sem voru um 2 sm í þvermál og 1 sm á þykkt. Plásturinn var velgdur og honum smurt í tusku sem lögð var við bólgu og ígerðir. Fólk sem vann við beitingu notaði plásturinn mikið því að það fékk oft ígerð í fingur vegna stungusára.

Ekki er ólíklegt að heimildir um Tjarnarplásturinn séu til á fleiri stöðum, enda stutt síðan að hann var í notkun. Seint verður til dæmis fullleitað í gögnum þjóðháttadeildar og ekki hefur enn fengist peningur til að tölvusetja svör við spurningaskrá um gömul lækni ráð, en slíkt myndi auðvelda verulega leit í þeim gögnum.

Fundur Evrópusamtaka sérfræðilækna í Vínarborg dagana 21.- 24. október 1999

UNDIRRITAÐUR FÓR Á ÁRSFUND Evrópusamtaka sérfræðilækna (UEMS) í Vínarborg á haustdögum, sem fulltrúi Læknafélags Íslands. Þessi samtök, sem urðu 40 ára í fyrra, eru regnhlífarsamtök evrópskra sérfræðilækna og hefur Ísland verið fullgildur meðlimur síðan haustið 1997.

Á fundinum að þessu sinni var mál málaforma áform um að koma meiri samþæfingu á símenntun lækna í Evrópu. Fyrirhugað er að koma á fót *Símenntunarstofnun Evrópu*, sem UEMS hyggst ráða einkaaðila til að reka. Stofnun þessi á væntanlega að hafa með höndum samþæfingu og framkvæmd símenntunarmála, talningu endurmenntunarpunkta, þar sem slíks er krafist og svo framvegis. Allt er þetta þó í mótun enn sem komið er.

Vandamál sem varða einstakar sérfræðigreinar eru alltaf rædd talsvert á aðalfundum UEMS. Að þessu sinni bar þar helst til tíðinda að samþykkt var að taka upp til reynslu *Section of clinical neurophysiology*, sem er ákveðin viðurkenning fyrir klíniska taugalífeðlisfræði sem sérgrein. *Gynaecological Oncology* sótti um að viðurkenn-

ingu innan UEMS sem undirsérgrein. Við þessari beiðni var orðið en almennt virtust fulltrúar hafa áhyggjur af síauknum fjölda sérgreina og undirsérgreina innan læknisfræði. Fleiri mál af svipuðum meiði voru rædd, bæði ónæmislækningar og nýbura-lækningar, sem og taugalækningar sem undirsérgreinar af barnalækningum. Ekki var tekin nein ákvörðun hvað varðar þessar sérgreinar/undirsérgreinar, en nánari upplýsingar um umræðuna er hægt að fá hjá LÍ.

Gengið var til kosninga um nýja stjórn UEMS. Þar áttust við annars vegar alvörugefinn franskur fulltrúi, Hoertig en hins vegar lagviss Íri, Cillian Twomey. Hoertig naut stuðnings frönskumælandi þjóða sem og fulltrúa Miðjarðarhafsins en Twomey var maður Bretlandseyja, Norðurlanda, Hollands og Portúgals. Leikar fóru þannig að Twomey var kosinn forseti samtakanna, sem er mikið lán. Kosningar um aðrar stöður fóru einnig þannig að Norður-Evrópubúar eru þar í meirihluta.

Gestrisni Austurríkismanna var við brugðið og mikið sungið, enn meir borðað en ekkert dansað þá daga sem fundurinn